


SAGAN AF FÍFLINU SEM FÓR ÚT Í HEIM
AÐ LEITA AÐ ARNAREGGI



Fíflíð

Og einn daginn þegar þú vaknar
situr grænklaeddur piltur á rúmstokknum.
Dálitlir hornhnýflar vekja grun um hvolpavit
en skegglaus er hann með öllu.

Vaknaðu! segir hann, vaknaðu!
og sáldrar frjókornum yfir svefndrungann.
Ég er með fullan poka af frækornum sem þarf að sá.

Þú snýrð þér á hina hliðina
og hnerrar.
Segist hafa ofnæmi fyrir vorinu.
Farðu út og stangastu á við unghafra
og leyfðu þreyttum að sofa, segir þú.

Og drengurinn tekur pokann sinn
og brokkar syngjandi út.
Þú heyrir klauftak hans dynja á steinbrúnni yfir lækinn.

Eitt andartak veltirðu því fyrir þér
hvort tröll muni taka hann
og eins þótt hann komist yfir, bíða hans hundrað hættur.
Þeir kunna vart fótum sínum forráð,
eiga það til að æða fyrir björg
þessir kiðlingar sem sífellt horfa til sólar.

Hefði hann bara notað þessar nýsprottnu hnúfur
til að stugga við þér

hefðir þú eflaust fylgt honum, hugsar þú.
Bara svona til að gæta hans.

Svo sofnaðu aftur
þrátt fyrir frjókorn á koddanum.
Enda var það ekki ofnæmi sem raskaði ró þinni
og vafalaust er einhver vegfarandi þarna úti.
Einhver vegfarandi
sem hefur tíma til að taka í taumana
og kannski dreifa nokkrum fræjum,
svona í framhjáhlaupi.

En Vegfarandinn
sem sér drenginn standa á fjallsgnípu
og horfa til sólar
hugsar það sama:
Einhver annar mun sjá um hann.
Áreiðanlega.

Töframaðurinn

Bikar, sproti, skjöldur, sverð
svo fullkomin eru verkfæri töframansins
en þegar Snjaldurskinna er eina bókin á borðinu
koma kristall, tré og málmar að takmörkuðu gagni.

Þó hefur hann rist sér bjargrún á hæl
með beittasta hnífnum,
grætt sárið með ilmandi safa
úr laufguðum brumkvisti
og haldið glóandi knetti á lofti
tólf tungl í röð.

Og Vegfarandinn horfir á grænklaeddan dreng
ganga léttum sporum frá húsi töframansins.
Eitthvað hefur hann lært af vistinni
og þótt hann breyti ekki blávatni í guðaveigar
getur hann vafalaust unnið dálítið gull úr saurnum.

Slíkt er hlutskipti skálda.

Véfréttin

Undir tungli
yfir jörð
situr Véfréttin í dyngju sinni
og greiðir hár sitt.

Einstaka ugla á sveimi yfir Álfheimum
minnir stöðugt á tilveru hennar
en þéttofið net
varnar óvígðum inngöngu.
Inn um möskva þess grillir í morgundaginn
og það segja menn
að hún vatni úlfum um nætur.

Í dagrenningu sést hún iðulega ganga að Urðarbrunni,
þar situr hún langtímum og starir ofan í vatnið.

Hún hlýtur að vera að spegla sig konan;
mikil ósköp sem þær geta verið uppteknar af sjálfum sér
þessar hofgyðjur
tautar Vegfarandinn,
því þótt honum sé enganveginn ljóst
hvort hún er frekar af ættum ljósálfa eða bergrisa
er hún allavega upprunnin í Álfheimum
en þar mun háborg hégómans til húsa.

Undrast mun hann samt
að þótt beri hún silfursverð við belti
og gullmen um háls

býður hún velkominn, grænklaeddann dreng
sem staldrar við brunninn.

Allt sem þú vilt geturðu fengið,
spurningin er bara hvað það má kosta,
segir Véfréttin.

Og hlustirðu glögg, þar sem þú liggur í fleti þínu
muntu heyra óminn frá níu kristalsbjöllum,
næst þegar drengurinn fer hjá húsi þínu.
Þær hefur hofgyðjan hengt með silfurþræði á unghafurshorn hans
nornum til yndis.

Þeim sem kristöllum klingja
leyfa þær aðgang að brunninum.

Móðurástin

Sjálfsgagt hefur hún gleypst eplafrae
því varla hefur hún fórnað meydómnum
og öll vitum við
að Völsungar vaxa af fræjum.

Það hlýtur að vera ósköp leiðinlegt líf
að sitja í lótusblómadyngju við svanatjörn
og bródera allan daginn
segir Vegfarandinn,
og ekki hvarflar að honum
að hún hafi valið það sjálf,
því síður að hlutverk hennar skipti máli.

Hvort sonurinn verður frelsari,
keisari
eða grænklaeddur drengur
skal ósagt látið
en velja skal honum nafn við hæfi
og það er hreint ekki svo lítil ábyrgð.
Ef til vill er göfugra að erja jörðina
en til þess eru bændur,
hlutverk Keisaraynju er að sauma kontórsting
og líða um sali hallarinnar íklædd purpura og silki.
Og velja sonum sínum nöfn, auðvitað.

Keisarafrúin brosir við vegfarendum,
á flesta þeirra er vart orðum eyðandi.
Þó hendir það stundum

að launsonurinn sest við fætur hennar
og skemmtir henni með flautuleik um stund.
Aldrei lengi í senn því alltaf er hann á hraðferð,
sífelld á leið út í heim
að drýgja einhverja hetjudáð
eða leita sér frægðar og frama.

Safnaðu á afrekaskrána gæskur
en gleymdu því ekki
að það eina sem raunverulega skiptir máli
er að fóstura nýtt líf og hlúa að því.
Ungamóðir sem kemur einum unga á flug
hefur afrekað meira en herkonungur
sem leggur undir sig heilt heimsveldi.

Þetta er nú heimspekin hennar
sem aldrei hefur tekist á við flóknara verkefni
en að velja barni sínu nafn.

Og daglangt situr Móðurástin við silfurtæra tjörnina
og saumar hástafi í svæfilver,
því þaninn kviður hennar
fóstrar eitt fíflíð enn
og jafnvel keisarabörn þurfa að sofa.

Keisarinn

Sjaldan á unghafur erindi í keisarahöll
segir máltækið
en engu að síður stendur hann hér nú
smáfaxinn, grænlæddur, skegglaus
og beiðist inngöngu.

Keisarinn situr í háseti sínu
með tvo hrúta hringhyrnda sér við fætur
munu þeir vera ráðgjafar hans? spyr drengurinn
sem aldrei hefur áður kynnst höfðingjum
æðri Tuma litla í Fagradal.
Hann er kominn til að sækja um stöðu hirðffls.

Víst mun honum annað hlutskipti ætlað
því fullmannað er af fíflum við hirðina
og nóg er um hrúta,
en sendisvein vantar vissulega.

Og Keisarinn fær honum staf í hönd
og vegkort til leiðsagnar.
Sækja skal hann keisara sínum arnaregg
og ekki efast um réttmæti þess
eða tilgang.

Öldungurinn

Einn morguninn meðan þú sefur
gengur grænklaeddur drengur á fund Öldungsins.

Hann hefur sáð frjókornum,
numið fræði Töframannsins
og hlýtt á Véfréttina við Urðarbrunn.
Þótt hann sitji ekki langtímum við fætur móður sinnar
á hann þar skjól
en gengur nú erinda Keisarans.
Vegvísi hefur hann víst
og Keisarans blessun
en er það Satýr sæmandi
að ræna arnarhreiður?

Öldungurinn skriður undan feldinum
og lítur hann djúpbláum augum.
Hvað óttastu mest? spyr hann drenginn.

Óttast hann hefnd arnarins?
Hann hefur safnað í ker
nokkrum ómstríðum kvæðum.
Mun ekki örninn tæma kerid
ef hann reiðist?
Og hvað með myndina sem speglast
í brunni Urðar?
Hvernig kemst hann þangað
ef glysgjarn fugl rænir hann kristalsklukkunum
sem hofgyðjan hengdi á horn hans?

Getur hann snúið aftur í lund Keisaraynjunnar
ef hann rænir arnarmóður eggj sínu?
Og hver verður refsingin
ef hann bregst skyldu sinni við Keisarann?

Þegar hjartað segir eitt og höfuðið annað
er ráðlegt að leita til Öldungsins.
Og Vegfarandinn sem stendur á lengdar
sér Öldunginn ljá honum leidarhnoða;
aðeins eitt heilræði:
— Svo skal böll bæta að bíða aðeins.

Engill með húfu

Værir þú vakandi og kominn út á veginn
myndir þú sjá hnýfilhyrndan unglíng
elta leiðarhnoða að eldré í blóma.
Og pilturinn horfir á hnoðað
sem hringsnýst á veginum framan við rauðgullið tréð.

Samkvæmt vegvísi Keisarans er hér gata
og stóð ekki til að hann færi krókaleið að markinu.
En hér eru krossgötur.
Hin leiðin vörðuð margrættu eplatré
og í limum þess situr engill með húfu.
Stúlka í röndóttum sokkum
og dinglar fótunum.

Vindum, vindum, vefjum band, syngur stúlkan
og hendir rauðum garnhnykli út á veginn.
Hún klifrar niður úr trénu og réttir þér þráðinn,
lítur þig moldbrúnum augum
og hlær.

Spegill

Að lokum ertu orðinn leiður á því að liggja
svo þú stendur upp og klæðir þig.
Þegar þú lítur í spegilinn
til að hagræða bindinu,
sérðu svart hár á milli augnanna.
Svart hár sem bifast.
Þú tekur flísatöng til að slíta það burt
það er gróft svo þú býst við stórum fituhnúð á endanum.
Þú togar.
Og togar.
Þú heyrir hljóð eins og korktappi losni úr flöskustút
og hvítur mörköggull skellur á speglinum og springur.

Ekki mörköggull nei,
heldur vofuhús.
Það loðir límkennt við spegilinn
og örsmáar köngurlær
skríða í allar áttir.
Móðirin hangir spriklandi
með einn fótinn klemmdan
í flísatönginni.
Þú sleppir henni og horfir á
þegar hún dettur í handlaugina og
hverfur í svart, hringlóttniðurfallið.

Milli augna þinna
er álkrónustórt gat.

Fyrir innan huldýpi.

Þú þværð hendur þínar,
reimar skóna.
Fylgir svo í fótspor fíflsins
fram hjá húsi Töframannsins
fram hjá Urðarbrunni
fram hjá lundi Keisarynjunnar
hásætissalnum Keisarans
og hofi Öldungsins.

Um dagmálabil
sestu niður í grænni lág
og hvílist um stund
þar seytlar lækur og hrökkálar vaka í hyl
með gulleplað hreistur
og grænleita rák yfir uggum.

Þá sérðu á botninum glitra
silfraðan sjóð.
Þú afklæðist undir árdegissólinni
og syndir með álum.
Frækn vill fé ráða
og þegar rafhöggið slær,
grípurðu fastar um gullið.

Rafmagni lostinn
en með álkrónur, stjörnum fleiri
í farteskinu
heldurðu för þinni áfram.
Þú stendur við krossgötur
þar sem áður stóð eldtré í blóma

Þar er nú vegur, beinn og breiður
en ekkert tré.

Við hliðargötu vex eplatré
sem breiðir lim sitt yfir veginn.
Sumarið leið á meðan þú svafst
og það tré ber engan ávöxt lengur
en við rætur þess situr Vegfarandinn
sem leitar fjársjóðar föður síns.
Þann sjóð fól faðir hans
í jörð, í lofti eða vatni
og Vegfarandinn stendur upp og gengur til þín
hann segist vera að bíða eftir vagni.

Eldvagninn

Þar sem þú situr við krossgötunarnar
og hugleiðir hvorn veginn skuli halda
tekurðu eftir Baldursbrám
sem spretta í vegkantinum.
Auga hins hvíta áss sem féll fyrir galgopahætti goðanna;
þeir skelltu skuldinni á Loka því einhverjum varð að refsa.

Þú slítur eitt blóm
og stingur í gatið á enni þér
aðallega til að hylja það augum Vegfarandans
sem er farinn að spyrja óþægilega persónulegra spurninga.
Stuttu síðar sérðu vagninn koma á fleygiferð að krossgötunum
rammbyggðan stálvagn, með logandi hjól
dreginn af makkaprúðu ljóni.
Vegfarandinn veifar þumalfingri
og ekill í heilbrynju býður ykkur sæti við hlið fíflsins.
Brynvarinn elddrekinn kemst yfir hvaða hindrun sem er
en blikði í auga drengsins er horfið.

Hvert skal halda? spyrð þú
en pilturinn hristir hnýfilhyrnt höfuðið
svo kristallar klingja.
Bara eitthvert og það fljótt, segir hann.

Hann hefur týnt hnoða Öldungsins
og héðan liggja allar leiðir.

Sanngirnin

Undir brennheitri hádegissólinni
ískra eldhjól vagnsins í mölinni.

Vegfarandinn heimtar sjóð sinn
en þú neitar staðfastlega.
Sá á fund sem finnur,
sá á fund sem sjálfur afklæðist fyrir hann
og laugar skrokk sinn með hrökkálum.
Auk þess er ekkert auðkenni á sjóðnum
hver sem er gæti eignað sér hann.

Ég þekki sjóð föður míns þegar ég sé hann
staðhæfir Vegfarandinn
og um þetta þráttið þið
meðan eldvagninn æðir yfir hverja hindrun,
þegar ræningjar sitja fyrir, tekst hann á loft;
líkt og flugnager
hrökklast stríðandi herlið undan.

Að lokum akið þið fram á vatnsbláa konu
sem stendur í götunni og heldur á vog.
Og fíflíð lítur í auga Baldurs í enni þér
og lyftir brúnum,
Bíðum, segir hann íhugull, bíðum aðeins.

Fíflíð ber ágreininginn undir vogarkonuna,
hún bindur refil fyrir augu sín og handfjatlar sjóðinn.
Helmingaskipti, úrskurðar hún,

en hvorugur er sáttur við dóminn.
Hví skyldi ég deila föðurarfi mínum með ókunnugum?
spyr Vegfarandinn.
Hví skildi ég deila launum dáðar minnar með ókunnugum?
spyrð þú.
Af því að það er sanngjarnt, segir konan.

Sanngirnin gerir menn ekki endilega hamingjusama
og þið gangið hvor í sína átt, með hálfan sjóð undir höndum,
þú færir fíflinu Baldursbrána að skilnaðargjöf.

Einsetumaðurinn

Þú hefur horft á kofa hans úr fjarska,
séð ljóstýru í glugga
kannski heyrt hundgá eða hanagal
en aldrei hætt þér svo nærri að þú sæir útidyrnar.

Í kvöld logar ekkert ljós í glugga
og þegar þú knýrð dyra kemur enginn og opnar,
svo að endingu hverfurðu frá.

Á leiðinni niður hlíðina
sérðu veru með ljósker nálgast kofann.
Það er einsetumaðurinn
og úlfhundur fylgir honum.

Þú stendur á lengdar
og horfir á dreng
sem einn vormorgun fyrir löngu
sat við rúmstokk þinn
og angraði vit þín með frjókornum.
Nú gengur hann hokinn við staf
og safnar grösom í myrkrinu.

Þú gerir ekki vart við þig þegar hann gengur fram hjá
en í skini kolunnar sérðu að honum er sprottinn hökutoppur.
Dynurinn frá klaufum hans er þyngri en áður
en í augum hans brennur blik
hið sama og þú sást þann vormorgun:
Blikið sem hvarf.

Þótt haustið nálgist
vaxa ennþá Baldursbrár við veginn.

Spunahjólið

Þú hefur ávaxtað sjóð þinn, illfenginn
og reist þér kastala við Logná.
Lífið er gott.

Enn einn morguninn
smokrar dagsbirtan sér undir augnlokin.
Þú bróltir fram úr
til að draga fyrir gluggann
og sérð grænklaðdan satýr sitja á brúnni.

Við belti hans hanga hljóðpípur;
þær hefur hann skorið úr ungum bambussprotum.
Nú eru horn hans fullvaxin
og hann slítur kristalla úr silfurþræðinum
og fleytir með þeim kerlingar á ánni um stund.

Svo heldur hann áfram ferð sinni
framhá kastala þínum.
Hann skemmtir vegfarendum með flautuleik
og þeir bera á hann gjafir að launum;
koparbikar,
sverð með silfurhjöltum,
og tólf gullpeninga.
Einseta hans er afstaðin.

Þó er ferð hans enn ekki lokið
og að lokinni skammvinnri heimsókn
kyssir hann svartholið í enni þínu

og heldur aftur af stað.

Leið hans er heitið að kofa í skóginum:
Þar býr engill með húfu.
Hún situr við spunarokk, þegar hann kemur,
og býður hann velkominn heim.

Eina nóttina á meðan ástmey hans sefur
tekur hann mal sinn og flautu;
kyssir sofandi stúlkuna á ennið
og heldur aftur af stað út í heim.
Sértu velkominn heim, út í heim
syngur í huga hans.
Í nótt er enginn þráður á spunahjólinu,
hann snýr því réttisælis
og hvinur þess fylgir honum úr hlaði.

Ljónatemjarinn

Á leið sinni hittir hann ljónatemjara.
Rauðhærða konu
sem ríður ljóni eftir götunni.
Þegar dýrið sýnir tennurnar og reisir makkann
biður hún það kurteislega að hafa hægt um sig.
Ljónið öskar ógurlega en sest svo ólundarlega niður.

Af hverju ferðast þú með villidýri
þar sem nóg er um fótvíssa asna?
spyr fíflíð.
Af því að ljónið þorir að eigna um Töfraskóg að næturþeli
en asninn ekki,
svarar konan.

Af hverju hlýðir þú konu,
og lætur hana sitja þig sem hvern annan asna
þegar þú gætir eins rífið hana á hol?
spyr fíflíð ljónið.
Og ljónið opnar annað augað
og hvæsir út um vinstra munnvikið:
Af því að hún þekkir óætan satýr frá gómsætum unghafri
og forðar mér frá því að sóa tíma mínum í að tæta sundur fífl.

Svo halda þau áfram inn í rauðgullinn haustskóginn.

Vindgálginn

Krossfestir menn eru ekki endilega frelsarar.
Og reyndar illmenni flestir,
verðskulda vafalaust bæði þjáninguna og dauðann
enda fæstir þeirra boðist til að deyja fyrir syndir manna.
Og ef enginn hefur áhuga á að krossfesta þig
er alltaf í boði að hengja sig sjálfur,
helst í vindgálga.
Þú horfir í auga jötunsins undir trénu.

Blóðið rennur til höfuðs
þrýstir á augun.
Hrafn sest á höku hangandans
og kroppar vinstra augað ástúðlega úr andliti hans.
Með hægra auganu horfir hann niður í brunninn.
Kristalshljómurinn bergmálar í næturkyrrðinni
um leið og hann horfir á auga sitt hverfa
í hringgárað hyldýpið.

Að hanga á hvolfi niður úr eskitré
er ekki góð skemmtun.
Gustar undan vængjum hrægamma sem voka yfir trénu
og rokið rífur í hár þitt og klæði.
En náirðu að þrauka í níu nætur
mun einhver telja þig hetju
og fólk mun stara í viskubrunn
í von um að sjá þar auga þínu bregða fyrir.

Spurningin er hvað skal finna sér til dundurs á meðan:

ekki æfir maður skylmingar í þessari stöðu
né í því að halda boltum á lofti.

Nema upp rúnar;
það er víst fátt annað í boði,
og læra tungumál fugla í framhjáhlapi
en sumir þeirra eiga víst hreiður í þessu tré.

Í þessari stöðu verður fíflinu ljóst
að smámyntin sem hrynur úr vösum þess
niður í brunninn,
er í raun stjörnur,
og í hyldýpi himinsins
fólggir mun stærri fjársjóðir.

Bikar, sproti, skjöldur og sverð;
allt bíður það betri tíma
en fyrir hverja nótt hrýtur hringur af hring
og auga á brunnbotni horfir aðeins til himins.

Sláttumaðurinn

Hina níundu nótt ríður Sláttumaðurinn háloftin
hann lendir hvítum gandi sínum mjúklega utan vegar.

Holdlaust andlit hans lítur tómum tóttum
hornamikinn mannhafur
sem hangir í steinrunnu tré,
kjúkurnar kreppast um ljáinn.

Er ég þá dauður?
spyr fíflíð.

Sláttumaðurinn sker á böndin.
Hann tekur fíflíð á herðar sér og ber það út á veginn.
Svo ríður hann glottandi burt.

Satýrinn situr eftir í götunni.
Ægishjálmi ber hann milli brúna sér
og köngurlóarmóðir
hefur skriðið upp úr Mímisbrunni
og ofið vetrarkvíða yfir veginn.
Hann horfir yfir þéttofið netið.
Hann hefur vald á rúnum
og heyrir á tal vargfugla
sem ráða honum að taka einn límkenndan þráð
úr vetrarkvíðanum
og rekja sig áfram.

Hamskiptin

Að fylgja þræðinum
er flóknara en menn gætu haldið.
Hvar er rétti þráðurinn í svo flóknum vef?
Togar í þræðinn.
Vindur hann upp í hnykil
en strengurinn flækist bara meira.

Að lokum hefur þú undið þræðinn utan um þig.
Gegnum hann sérðu grilla í bláma himins en kemst ekki út úr.
Brýst þó áfram þar til þú heyrir slímkenndan smell.
Belgur úr bláþráðum ofinn, springur á spegli
þú smokrar þér út úr hjúpnum og horfir í moldbrúnt auga
í miðju þess hyldjúpur brunnur
og rödd talar til þín úr djúpinu:

Ef veruleikinn væri bíómynd kæmirðu til mín.
Þú myndir setjast á rúmstokkinn og spyrja; hvernig byrjaði það?
Og ég myndi segja þér sögu sem væri falleg og átakanleg í senn.
Og þú myndir skilja.

Ef gult væri blátt væri rautt, hefðir þú kjark til að elska mig eins
og á að elska.
Og ef gult væri einfaldlega gult, væri ég fær um að gera það sem
ég geri best.
Og ef blátt væri blátt áfram. En svo er víst ekki.

Einu sinni þekkti ég mann sem var svo einmana
að stærsta leyndarmálið í lífi hans var það

að hann átti ekkert leyndarmál.
Ég gaf honum leyndarmál og hann var mjög þakklátur.
Ekki beinlínis fyrir að hafa eignast leyndarmál,
heldur fyrir að eiga leyndarmál með einhverjum.
Samt var það hvorki fallett né átakanlegt leyndarmál.
Sem er í sjálfu sér allt í lagi
því hann hefði hvort sem er aldrei sagt neinum leyndarmálið
og saga er einskis virði fyrir en einhver fær að heyra hana.
Hvað þá ef hún er ekki fögur og átakanleg.

Slíkt er eðli leyndarmála Baggalútur minn.
Leyndarmál öðlast ekki líf fyrir en maður deilir því með öðrum.
Og þá er það ekki lengur leyndarmál heldur saga.
Og þannig er þráin líka.
Þú getur haldið áfram að þrá mig, endalaust, svo ákaft að þig
verkjar í hjartað.
En öll þessi þrá gerir ekki annað en að éta þig að innan
fyrir en þú sleppir tókunum á henni og deilir henni með mér.
Og það er þannig sem maður byrjar að elska.

Ég hef þráðarkorn að spinna þér held ég enn.
Slíkt er hlutskipti nornar.

Samruninn

Við ána Kólgu
situr lærlingur Töframannsins
hrafnvængjuð vera
með tvö mjaðarker.

Eldur í öðru.
Vatn í hinu.
Hún hellir varlega á milli þeirra
uns þykkur, gullinn vökvi fyllir bæði.

Hún breiðir út skaut sitt
og smyr gylltri olíunni um líf sitt og lendar.
Nú vantar bara töfrasprota
til að fullkomna galdurinn
segir hún. Undirleit.

Getur eldur blandast vatni?
Já, ef rétt er að farið.
Og þótt olía blandist vatni ekki auðveldlega
magnar hún vissulega eld.

Blóðið ólgar í æðum Satýrsins,
eldur og vatn.
Hann smyr lim sinn með olíu
og meðan sól roðar sjó
kennir hann konunnar við Kólgu.

Hafurinn

Svo kom að því að þú saknaðir drengsins
og þú lagðir af stað til að leita hans.

Hann hélt víst til í Svartfjöllum, sögðu menn,
og þú leggur í langferð.
Yfir hraunlendi, beljandi jökulár, ófærufjöll,
urðargrjót, aurskriður,
eyðiskóg, kviksyndi, kletta.
Á Svartfjalla efsta tindi hefur Satýrinn reist sér turn.
Þar situr hann í hásæti og horfir yfir lendur sínar.

Hann hefur stækkað svo mikið
nú ná horn hans til himins
og hökuskeggið liðast niður fjallið
hvítur jökull í svörtum sandi.
Við fætur hans eru þúsund þrælar hlekkjaðir
og hlýða umyrðalaust hverri hans skipun.

Hvað er þetta fólk að gera hérna?
spyrð þú.
Það sama og þú, svarar vinur þinn,
þau eltu þrá sína,
og hefðu ekki komist hingað án þess.

Er það þetta sem þú vilt?
Varst þú ekki að leita að arnareggi fyrir Keisarann?
spyrð þú
og Satýrinn hlær.

Einhverju sinni lagði ég af stað til þess
en það er skemmtilegra hérna.

Finnst þér skemmtilegt að halda fólki í ánauð? segir þú
og Satýrinn svarar:

Það er þeirra ánægja en ekki mín nema að eilitlum hluta.
Ég fæ hugmyndir, vissulega, en þau framkvæma sjálfviljug.
Hvað sem er.

Éta, drekka, reykja, ríða, vinna, skíta, berja, drepa,
láta troða líkama sinn út af silikoni, bara ef mér dettur það í hug.
Það þykir þeim skemmtilegt
svo má ekki bjóða þér helsi minn kærri?

Þú grípur öxi þína og hleypur til þrælanna
býst til að höggva á hlekkina og veita þeim frelsi.

En þá sérðu
að hlekkirnir eru nógu víðir til þess
að þeir geti auðveldlega smokrað þeim af sér.

Þeir kæra sig ekki um frelsið.

Og þrælarnar leggjast á hnén og bíta snarrótina sem vex við turninn:

Hann er enginn harðstjóri hann vinur þinn
aðeins hafur meðal sauða.

Enginn vafurlogi varnar ferð þinni niður fjallið
samt staldrar þú hjá sauðhjörðinni um stund.

Turninn

Þegar þú, í birtingu, ákveður að yfirgefa turninn
fylgir gestgjafinn þér úr hlaði.
Vinur þinn sem áður var ungfífl
hefur ferðast með eldvagni
leitt þig á fund Vogarkonunnar,
hitt Ljónatemjarann á förnum vegi,
hangið á tré og horft í hlydypi himinsins.
Hann hefur lifað af ljáskurð Sláttumannsins
og séð samruna elds og vatns.
Nú hefur hann reist sér himnatur
og mikið er vald hans.

Hann kveður gest sinn
og þú horfir á bak honum
þegar hann gengur aftur til hallar sinnar.

Turninn gnæfir yfir,
grænleitur í morgunskímunni.
Hrafnar á sveimi.

Svo kveður við þruma
og elding lýstur turninn.
Þú horfir á þrælana stökkva út um glugga
í von um að forða sér.
Þá verður þér ljóst
að þú ert sjálfur fíflíð;
turninn byggður úr hugmyndum þínum um sjálfan þig.

Í morgunskímunni, horfirðu á brennandi turninn
þrælana falla til jarðar, eldtungum sleikta.
Grásvartur mökkurinn stígur til himins.
Fórnarreykur,
hugsar þú,
og þú skilur ekki lengur tungumál þrælanna
þeirra sem sluppu lifandi úr brunanum
og hópast nú að þér.

Stjarnan

Þá vitum við það;
allt líf þitt var lygi.
Og hvað varð um leit þína að arnareggi Keisarans?
Þú snýrð frá brennandi turninum,
klífur niður Svartfjallakletta
og skriki þér fótur á leiðinni
er það allavega ekki hættulegra
en að anda að sér reyknunum.

Og hér ertu nú
ungfífl á miðjum aldri.
Hefðirðu á annað borð átt þér takmark
hefurðu misst sjónar á tilganginum
og Keisarinn eflaust löngu búinn að gleyma honum.

Hvar skal leita?
Hvers skal leita?
Þú gengur á fund Lindarinnar
sem situr í aldinlundi
sveipuð gegnsærri silkislæðu
og syngur.
Hún er systir næturgalans,
móðir morgundöggvans,
dóttir ástkonunnar við Kólgu.

Tvö mjaðarker ber hún,
líkt og móðirin
þó brennur enginn eldur í kerjum hennar.

Hún vökvar aldintrén með öðru þeirra,
eys vatni í tjörn með hinu,
aldrei mun tjörnin tæmast á meðan hún er hér.

Vegmóður sestu hjá Lindinni.
Þú leggur höfuðið í kjöltu hennar,
hún flettir purpurablárri slæðunni frá tunglhvítum kviðnum
og ber brjóst sitt að þyrstum vörum þínum.
Þú teygjar svala næturinnar,
af brjósti hennar,
bleikar geirvörtturnar
minna á blýantsstrokleður.

Og meðan hún seður hungur þitt
með hunangssætri fíkjju,
horfir þú upp í þúsundstjörnu himin.
Stjörnum ofar fljúga ernir
er þér sagt
en hreiður þeirra munu finnast á fjallstindum.

Hvers leita ég og hvert skal ég halda?
spyrð þú
og Lindin svarar;
horfðu til stjarnanna,
og veldu þér eina,
aðeins eina og fylgu henni.

Í næturkyrrðinni kveður þú Lindina
gengur á brott við bjarkargrein
með nýtt vatn á gömlum belgjum.
Stjarnan er fjarlæg
og leiðin er löng

en í þetta sinn
veistu allavega hvert þú stefnir.

Strengurinn

Seinna um nóttina vísaði stjarnan þér á helli.
Þú kastaðir poka þínum við munnann
og kraupst við fljótið til að fylla vatsbelgina.
Þú leist niður og sást að límkenndur þráður var tengur nafla þínum
og lá inn í hellinn.

Í fljótinu sástu nakinn líkama þinn
og hönd sem bar saumaskæri Keisaraynjunnar að strengnum.
Þú heyrðir leðurkennt hljóð
um leið og hún klippti á strenginn.

Að baki þér sástu stúlku í röndóttum sokkum,
hún brá strengnum um hönd sér,
og vatt upp hnykil
um leið og hún elti þráðinn inn í hellinn.

Máninn

Undir fullu tungli
dansa örlaganornir við Urðarbrunn.
Á daginn vinna þær vaðmál úr skýjum;
Urður spinnur bláa þræði og rauða.
Verðandi tvinnar þá saman.
Skuld slær vefinn og hlær.

Vinna á daginn
dansa á kvöldin,
slíkt er hlutskipti norna.

Engum veita þær aðgang að brunninum
nema kristöllum klingi
en fyrir ofan hann tindrar stjarnan
sem þú hefur fylgt frá ómunatíð.

Þú horfir á trylltan dans nornanna í tunglsljósinu.
Í gær stráði frostþokan hélusalti yfir skóginn
og eflaust er brunnurinn botnfrosinn hvort sem er
en stjarnan stendur í stað
svo líklega áttu erindi hingað.

Kastalinn stendur ennþá á hæðinni.
Ljós í efsta turnglugga
og úlfar varna óboðnum aðkomu.
Bláhrafn á sveimi.

Gerði þyrnirósa umkringir höllina

en á vetrarnótt blómgast engir runnar,
nema af blóði þínu
sem roðar hrímhvíta kvisti
þegar þú ryðst í gegnum rósavirkið.

Á fullu tungli eru úlfar fjarhuga.
Ýlfra mót mána
og hirða lítt um að gæta dyngju drottningar sinnar.
Í nótt egra þeir um skógana.
Engu að síður er langt frá því að þú sért óhultur
því lyktin af blóði þínu ærir þá.
Þú sérð þá nálgast
hvítar vígtennur í tunglsljósi,
ekki til að varna þér inngöngu
heldur er ætlun þeirra að rífa þig á hol.

Myrkvast þá máni
blóðrauðri dulu er hann dreginn
utan fingerð sigð.
Merki Sláttumannsins á himni.
Og úlfarnir ærast og hlaupa til skógar
froðan vellur hvít úr kjöftum þeirra.

Þú hraðar þér að höllinni
og eitt andartak heldurðu að þú hafir sigrast á öllum hindrunum
en sverð þitt bítur ekki á þéttofið net fyrir gluggum.
Aðaldyrnar standa opnar
en í forsalmum taka hundar á móti þér.
Með eldglampa í augum
og ógnandi urri
hrekja þeir þig niður í dyflissu kastalans.

Þú heyrir járngrindur skella að baki þér

framundan mjór gangur
engar lugtir á bláköldum veggjum hans.
Við enda hans er meyjardyngja,
hér sefur hún eflaust;
hvít
bak við sparlökin blá.
Þú bregður sverði þínu
og ristir á tjöldin,
þau eru ofín úr bláþráðum og rifna hljóðlaust.

Hún vaknar við koss á hönd,
stígur brosandí á fætur,
ægifögur
með tinnusvart hár sem liðast yfir bláhvít brjóstin.
Allt sem þú vilt geturðu fengið en borgaðu fyrst,
segir hún.
Hún leggur þig á frostkalda sængina
og flauelsþykkt hár hennar leggst yfir vit þín.

Þegar hún sveipar hulunni frá augum þér
og þú nærð andanum aftur,
krýpur hún klofvega yfir þér,
köld, hvít og nakin.
Í skauti hennar vex lítil, rauð kjötætuplanta
sem titrandi vörum
nartar í hörund þitt.
Bláhvítar tennurnar bíta.
Heitt hold þitt seður hungur hennar.

Þegar járngrindin rís að morgni
og þú yfirgefur dyngju hennar
kemstu ekki sömu leið til baka.

Þú reikar ganga og sali
og að lokum finnurðu aðra leið út.
Nú er dagbjart.
Engin stjarna lengur sjáanleg
og engar nornir dansa hjá Urðarbrunni.

Þú gengur að brunninum
en í honum leynist engin viska
aðeins fjöldi höggorma.
Frá brunninum rennur jökulfljót
og enn reika úlfar um skóga.
Við fljótið finnurðu hrörlegan árabát,
handan árinna er auðnarland
en hér getur þú ekki dvalist lengur
svo þú ýtir frá landi
og gefur þig fljótinu á vald.

Sólin

Þegar þú vaknar
vagar þér bátur á öldum.
Framundan fíflbrekka
og iðjagrænn lundur
og þar sem þú hefur numið tungumál fugla
veistu að hér ríkir fegurðin ein.

Tvö börn koma hlaupandi á móti þér
drengur og stúlka.
Þau vaða út í fljótið,
taka þig hvort við sína hönd
og leiða þig til lands,
hér hefur vorað á meðan þú hvíldist
og sólin slær koparbjarma
á ylvolga moldina undir fótum þínum.

Börnin leiða þig að lítilli tjörn
og þar sestu niður og horfir á þau
þar sem þau hlaupa hlæjandi út í vatnið.
Þau hverfa í djúpið
og þegar gárurnar hjaðna
sérðu spegilmynd þína á fletinum.
Þú ert engill með húfu í vorgrænum kjól
og þú stígur upp úr vatninu og bendir til himins.
Þar eru ernir á sveimi yfir lundinum,
þeir verpa eggjum í ónotuð mjadarker
sem skáld hafa skilið hér eftir, segir hún þér.

Og spegilmyndin leiðir þig í lundinn
þið finnið arnaregg í mjaðarkeri
og að brugga skáldamjöð
það skal hún kenna lærlingi sínum líka.

Setjið einn kaleik vatns
og annan af eldi í mjaðarker.
Bætið arnarsaur á sverðsoddi samanvið
og einum skýhnoðra ókembdum.
Hrærið með bjarkarkvisti
þar til mjöðurinn verður samloðandi, áfengur og gullinn að lit.

Þá leistu í augu hennar
og sást sjálfan þig speglast.
Yfir andlit hennar færðist ljómi:

Hún var sólin sjálf.

Dómurinn

Arnaregg eru ekki eins brothætt og maður gæti haldið.
Og þar sem það er eðli fíflsins að halda mörgum boltum á lofti
fer það létt með eitt arnaregg.
Þú kastar egginu og grípur á víxl á göngu þinni,
enda ekkert sem truflar, ekki einu sinni söngur smáfugla.
En nú flýgur örn yfir
og ósjálfrátt felurðu eggid í poka þínum.

Þegar örninn nálgast
sérðu að hann hefur mannshöfuð,
mannslíkama;
aðeins vængir hans tilheyra erni.
Kannski er hann Fönix?

Hvaða ferðalag er á þér?
spyr vætturinn
og þar með verður þér ljóst að hún er ekki Fönix
heldur lönguengill
því aðeins löggur ávarpa blásaklausa vegfarendur á þennan hátt.
Ferð minni er lokið
svarar þú,
nú er ég loks á heimleið.

Ekki enn, segir lönguengillinn, ekki enn,
ekki á meðan þú ert með sjálfan þig í bakpokanum.

Þú opnar pokann þinn
og reiknar fastlega með að verða handtekinn

fyrir að ræna arnarhreiður
en í pokanum er ekkert egg að finna.
Upp úr honum spretta ótal útgáfur af sjálfum þér;
maðurinn sem svaf, á meðan unglingurinn stóð á þverhnípi;
maðurinn sem sleppti köngurlóarmóður niður í hlydýpið
áður en hann hélt út á veginn;
maðurinn sem synti með hrökkálum,
til þess eins að troða illsakir við náunga sinn;
maðurinn sem fagnaði Dauðanum
þegar hann varð þreyttur á því að hanga á vindgálga;
maðurinn sem varð að fifli frammi fyrir sínu eigin vali;
maðurinn sem ætlaði að brjótast inn í dyngju hofgyðjunnar
en lét ginna sig niður í dýflissu.
Fíflíð sem gekk erinda Keisarans heiminn á enda,
án þess einu sinni að vita tilganginn.

Þú afhendir englinum pokann.
Hann tekur einn hlut upp úr honum og réttir þér aftur.

Eitt egg.

Pokann rekur hann upp og vindur rauðan þráðinn í hnykil.

Veröldin

Á vorgrænum morgni,
gengur léttfættur drengur steinbrúna yfir ána
sem rennur meðfram húsi þínu.
Á höfði hans situr arnarungi.

Hann gengur grænar hæðirnar
og um hádegisbil
staðnæmist hann á klettabrún.

Þar sest hann niður á þverhníptum hamrinum
og horfir yfir Töfraskóg;
yfir Logná og Kólgu
yfir Álfheima og Íðavöll.
Niflheim sér hann ekki úr þessari átt.

Þegar sól er hæst á lofti
stendur hann upp
hann strýkur vængi arnarins unga
að skilnaði.
Og styrkum höndum hefur hann fuglinn á loft og segir;
hvað sem þú vilt máttu heita,
hvert sem þú vilt máttu fljúga,
hvar sem þú vilt máttu verpa
en verði engill með húfu á vegi þínum
þá berðu henni kveðju frá mér.

Og af þverhnípinu
horfir hann á örninn fljúga mót sól
yfir alla heima hugsunar og tungu.